

Ed.

694. Breytingartillögur

[215. mál]

við frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (ÓRG, GB, DA, GTh).

1. Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 5. gr. og hljóði svo:

Par til álagning liggur fyrir, skulu skattskyldir aðilar skv. lögum þessum greiða mánaðarlega fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar tekju- og eignarskatts, sem ákvarðast með eftirgreindum hætti:

Fyrirframgreiðslan skal vera 0.06% af heildarinnlánum þeirra aðila, sem skattskyldir eru skv. lögum þessum.

Stofn til fyrirframgreiðslu skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og 31. gr. laga nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu frá 21. desember 1981.

Fyrirframgreiðslan skal innheimt af Seðlabanka Íslands og greidd fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjaldþagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er rikisskattskjóri ákveður.

Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðastliðins mánaðar.

Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um fyrirframgreiðslu þessa eftir því sem við á.

Að öðru leyti skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði XIII. kafla laga nr. 75/1981 um innheimtu og ábyrgð á fyrirframgreiðslu skv. þessari grein.
2. 6. gr. frumvarpsins verði 7. gr. og hljóði svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- skatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983 og eigna í lok þess árs. Ákvæði 5. gr. kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1983.
3. Eftirtaldar breytingar verði á ákvæði til bráðabirgða I:
 - a) Í stað ártalsins „1982“ í 1., 2., 6. og 9. mgr. komi ártalið: 1983.
 - b) Í stað ártalsins „1981“ í lok 1. ml. 3. mgr. komi ártalið: 1982.
 - c) Í stað orðanna „þessarar greinar“ í 4. mgr. komi orðin: þessa ákvæðis.
 - d) Í stað orðanna „1967 til 1981“ í 1. ml. 5. mgr. komi orðin: 1968 til 1982.
 - e) Í stað ártalsins „1967“ í 3. ml. 5. mgr. komi ártalið: 1968.
 - f) Í stað ártalsins „1983“ í 9. mgr. komi ártalið: 1984.
4. Eftirtaldar breytingar verði á ákvæði til bráðabirgða II:
 - a) Í stað ártalsins „1982“ í 1. mgr. komi ártalið: 1983.
 - b) Í stað ártalsins „1967“ í 2. mgr. komi ártalið: 1968.
5. Í stað orðanna „1982 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1981“ í ákvæði til bráðabirgða III komi orðin: 1983 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1982.
6. Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Undanþegnir skatti þessum eru þeir sparisjódir þar sem innistæður námu lægri fjárhæð en 30 millj. kr. hinn 31. 12. 1981.
7. Í stað ártalsins „1983“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða V komi ártalið: 1984.